

From: Leikskólastjóri - Leikholt
Sent: Mon, 29 Apr 2024 22:31:35 +0000
To: Haraldur Þór Jónsson
Subject: Fs: SVÁ tölfraði

Sæll við vorum búna að taka þetta saman svona áður en ég sá póstinn svo frá þér. Þannig ég læt það fara með og svara textanum þínum líka hér að neðan eftir bestu getu (merkt með rauðu). Læt einnig fylgja nokkrar aðrar athugasemdir.

Samantekt skólaþjónustuhluti:

- Fundir sem skólaþjónustan er á eða heldur utan um (samráðsfundir) = 10 tímar (
- Fundir vegna barna sem skólaþjónustan kemur að 2,5 tímar
- Fundir sem skólinn heldur sem skólaþjónustan kemur að = 2 tímar
- Greiningavinna og vinna með börnum = 10 tímar
- **Samtals aðkoma skólaþjónustunar = 24,5 tímar (ath að velferðarþjónustan er ekki inn í þessari tölu en í upptalningunni hér að neðan er aðgreint á milli skóla og velferð.)**

Aftur á móti ber leikskólinn/ég alla ábyrgð á því að nýta þjónustuna betur, óska eftir þjónustu t.d. í formi ráðgjafar þrátt fyrir að það sé ekki mikill vandi til staðar. Þar erum við að klikka. Aftur á móti óskaði ég eftir einu slíku og fékk svarið að það væri ekki verið að veita slíka þjónustu (óskaði eftir ráðgjöf sálfræðings á hegðunarvanda barns).

Nokkrar aðrar ábeiningar:

Upplýsingar um eða frá þjónustunni hafa verið mjög takmarkaðar og í raun litlar sem engar.

Fundir sem áttu að vera mánðarlega (leikskólastjórafundir) hafa verið fjórir samtals á öllu tímabilinu, seint og illa látið vita hvar fundurinn á að vera haldinn, fundirnir felldir niður og færðir og engar fundargerðir skráðar og engin eftirfylgni mála t.d. varðandi samþættingu skólalok og einkennilegt að haldnir yrðu deildarstjórafundir fyrir deildarstjóra á öllu svæðinu, vel tekið í það en ekkert heyrst meira og ekkert af orðið.

Enginn póstur né fundur um hvernig verið er að innleiða nýju farsældarlögin og engin svör þegar ég hef spurt. Ekki er hægt að nálgast upplýsingar um málstjóra og fleira í þeim dúr. Boðaður fundur 22. maí með stjórnendum og pólitíkinni um þá innleiðingu sem er nánast við skólalok í grunnskólum og einkennilegt að stjórnendur séu ekki upplýstir fyrr en á fundi með pólitíkinni.

Einhver forvarnarteymisvinna varðandi t.a.m. kynferðisofbeldi í grunnskólum er í gangi sem erfitt er að fá upplýsingar um en leikskólarnir hafa óskað eftir því að það verði reynt að samvinna þá vinnu og yfirfæra á leikskólanna, þar sem leikskólarnir eru allir frekar litlir og væri mjög gott að samnýta þá vinnu, en ekkert hefur heyrst meira frá þeirri vinnu.

Ítarlegt yfirlit.

Haustönn:

- Anný og Gunnlaug komu á fund í Leikholt að kynna þjónustuna.
- Gunnlaug mætti á teymisfund v/barns.
- Harpa Hrönn talmeinafræðingur kom í Leikholt. Hitti þrjú börn og veitti ráðgjöf vegna þjálfunar þeirra. (6-8 tímar)
- Edda /velferðarþjónusta) og Gunnlaug (skólaþjónusta) komu á nemendaverndarráðsfund í Leikholti

- Matta sérkennslustjóri fór á samráðsfund sérkennslustjóra sem haldinn var í Laugarási.
- Anna Greta fór á samráðsfund leikskólastjóra (ca 2 tímar)

Vorönn:

- Anný (velferðarþjónusta) og Gunnlaug (skólaþjónusta) komu á nemendaverndarráðsfund (1.klst)
- Álfhildur talmeinafræðingur (verktaki hjá Skólaþjónustu) kom í Leikholt og gerði málþroskaathuganir á þremur börnum (ca 3 tímar)
- Teams skilafundur vegna þeirra athugana, ca 3x 30 mínútur
- Gunnlaug kom á samráðsfund sérkennslustjóra sem haldinn var í Leikholti.
- Anna Greta fór á tvo samráðsfundi leikskólastjóra (ca 2 tímar hvor).

Getið þið tekið saman eftirfarandi upplýsingar hjá ykkur og sent á mig. Upplýsingar miði við tímabilið 1. mars 2023-1. maí 2024:

Í hversu mörgum nemendateymum sitja fulltrúar frá Skóla- og velferðarþjónustunni og hvort er það tengt sérfræðiþjónustu fyrir skóla eða velferð? **einu teymi, skólaþjónustan. einn fundur.**

Hversu oft hefur skólinn óskað eftir aðstoð frá skólaþjónustu vegna mála innan skólans? **óskað hefur verið eftir aðkomu talmeinafræðings (sjá í upplýsingum að neðan) og hann hefur veitt þjónustuna. Óskað var eftir aðkomu sálfræðings í ráðgjöf en skólaþjónustan sagði nei, ekki var lögð inn formleg tilvísun en málið bókað í fundargerð nemendaverndarráðs.**

Hversu oft hefur skólinn óskað eftir aðstoð frá velferðarþjónustu vegna mála innan skólans? **aldrei en skólinn hefur ráðfært sig við velferðarþjónustuna í gegnum nemendaverndarráð og það hefur reynt mjög gott eins ráðfært okkur við hjúkrunarfræðing HSU sem einnig situr í nemendaverndarráði. Skólaþjónustan situr einnig í því ráði en er í okkar tilfelli frekar óþörf (en ef það væru mörg þung mál gæti verið gott að hafa skólaþjónustuna).**

Hversu oft hefur starfsmaður frá skólaþjónustu þurft að koma í skólann til að veita ráðgjöf eða hitta kennara og/eða foreldra? **sjá að neðan (einn teymisfundur)**

Hversu oft hefur starfsmaður frá velferðarþjónustu þurft að koma í skólann til að veita ráðgjöf eða hitta kennara og/eða foreldra? **aldrei**

Hversu oft hefur skólinn óskað eftir samþættingu máls vegna farsældar barna?

Hversu oft hefur Skóla- og velferðarþjónustan hafið samþættingu máls vegna barns innan skólans og skipað málstjóra vegna farsældar barna? **ekkert samþætt mál í gangi**

Hversu margar tilvísanir vegna greininga eða athugunar hafa verið sendar til sálfræðings á tímabilinu? Gott ef hægt er að flokka niður gróflega á ástæður tilvísunar. **enginn þar sem skólaþjónustan sagði það ekki vera hægt. Einnig voru ekki starfandi sálfræðingar vel framan af og það kom engin tilkynning um að búið væri að ráða verktaka inn í þjónustuna svo við vissum ekki af þeirri þjónustu og vitum ekki enn í hvaða formi hún er hugsuð.**

Hversu margar tilvísanir hafa verið kláraðar af sálfræðingi á tímabilinu? **á ekki við.**

Hversu margar tilvísanir til sálfræðings hafa leitt til formlegra greininga á tímabilinu? **á ekki við.**

Hversu margar tilvísanir vegna greininga eða athugunar hafa verið sendar til talmeinafræðings á tímabilinu? Gott ef hægt er að flokka niður gróflega á ástæður. **þrjár.**

Hversu margar tilvísanir hafa verið kláraðar af talmeinafræðingi á tímabilinu? **þrjár**

Hversu margar tilvísanir til talmeinafræðings hafa leitt til formlegra greininga á talvanda á tímabilinu? **Ein.**

Væri möguleiki að fá þetta frá ykkur á næstu 1-2 vikum ?